

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 184 12. des. 1958.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt, og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 2. janúar, en kostnað við holræsagjaldið skal greiða til bæjargjaldkera. Gjaldið skal reikna í heilum krónum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1965, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 101.

2. júní.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. júní 1964

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Luciu Kristjánsdóttur og Geirlaugar Kristgeirsdóttur“.

2. gr.

Sjóðurin er stofnaður til minningar um Luciu Kristjánsdóttur, sem var fædd 13. desember 1914 og lézt 27. janúar 1964 og Geirlaugu Kristgeirsdóttur, sem var fædd 7. júlí 1936 og lézt 28. nóvember 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00, sem er framlag sjúklinga í St. Jósefsspítala.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir St. Jósefsspítala, priorinna St. Jósefsspítala og Ástríður Bjarnadóttir, Höfðaborg 62, Reykjavík.

Stjórn sjóðsins skal kjósa tvo menn eða konur, sem taka skulu sæti fráfarandi eða látinna stjórnarmeðlima.

5. gr.

Fé sjóðsins meðan því er óráðstafað sbr. 7. gr., skal ávaxta á jafn tryggan hátt og fé ómyndugra, og skulu reikningar sjóðsins gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga St. Jósefsspítala.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit, svo og annað fé, er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa lömuðum og fötluðum, sem dveljast í St. Jósefsspítala.

Stefnt skal að því með hjálp sjóðsins að útbúa æfingastöð fyrir lamaða og fatlaða í spítalanum, og skal æfingastöðin helguð minningu þeirra Luciu og Geirlaugar.

8. gr.

Verja má í samræmi við ofangreindan tilgang öllu fé sjóðsins, sbr. 3. gr., svo og tekjum sjóðsins sbr. 6. gr.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 27. apríl 1964,

Ástríður Bjarnadóttir, Bjarni Jónsson, Systir Hildegardis.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða og kristnitöku Íslendinga árið 1000, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða.
og kristnitöku Íslendinga árið 1000.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf hjónanna Kristjáns Jónssonar og Rósu Guðlaugsdóttur, Fremstafelli, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Stofnféð má aldrei skerða.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er:

- að veita aðstoð við endurbyggingu kirkju á Ljósavatni, er verði búin til vígslu á þúsund ára afmæli kristnitökunnar.
- að taka eftir efnunum og ástæðum þátt í hverri annarri fjárfestingu, er til sóma gæti orðið þessum stað og söfnuði.